

ástæða til að ætla, að gallar þeir, sem á dskj. nr. 18 eru sagðir vera á húsinu, séu á ábyrgð stefnanda, og ekki er heldur ástæða til að ætla, að starfsmaður stefnanda hafi pantað meira af þakplötum en nauðsyn bar til. Rétt þykir því að taka kröfur stefnanda til greina, og verður honum dæmd stefnufjárhæðin að fullu að öðru leyti en því, að vextir eru hæfilega ákveðnir 7% ársvextir.

Málskostnaður ákveðst kr. 50.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason fulltrúi, Indriði Níelsson byggingameistari og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarvinnslan h/f, greiði stefnanda, Sv. B. Rude, danskar kr. 36.271.68 með 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 6/1974. Þórarinn Jónasson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Péttri Axel Jónssyni

og gagnsök

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. janúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sýknu að svo stöddu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. janúar 1974. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Varnir þær, sem haldið er uppi af hálfu aðaláfrýjanda, komast ekki að í víxilmáli þessu. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Þórarinn Jónasson, greiði gagnáfrýjanda, Pétri Axel Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1973

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. desember sl., hefur Pétur Axel Jónsson lögfræðingur, Háaleitisbraut 17, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 9. mars 1973, á hendur Þórnari Jónassyni, Skaftahlíð 8, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 180.000 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. júlí 1972 til greiðsludags, kr. 180 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar að mati dómsins.

Sótt hefur verið þing af hálfu stefnda og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður og honum dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara krefst hann þess að verða sýknaður að svo stöddu og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Sátt hefur verið reynd, en án árangurs.

Undirstaða málssóknar stefnanda er víxill, útgefinn 10. apríl 1972 af stefnanda og ábakinn eyðuframsali af honum, en samþykktur af stefnda, Þórnari Jónassyni, til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, þann 10. júlí 1972. Upphæð víxilsins nemur kr. 180.000. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls þann 12. júlí 1972. Hann ber með sér tvo stimpla Landsbankans, annar er um greiðslu þann 21. september 1972 og hinn, að víxillinn hafi verið innleystur af útgefanda.

Stefndi byggir kröfur sínar í málinu á því, að stefnandi hafi tekið að sér að annast fyrir hann skipti á dánarbúi móður hans og í því sambandi tekið við umtalsverðum fjárhæðum, sem voru eign stefnda. Stefndi hafi um þetta leyti fest kaup á íbúð að Skaftahlíð 8 með tilheyrandi skuldbindingum um greiðslur og útborgun. Hann hafi m. a. átt að greiða kr. 180.000 í apríl 1972. Stefndi hafi þá ekki getað staðið honum skil á þessu fé, en hafi haft samband við bankastjóra í Landsbankanum og falast eftir víxilláni, sem svaraði þessari fjárhæð. Hann hafi sagt bankastjóranum, að víxillinn væri til þess að brúa bil fyrir stefnda, sem ætti mikið fé í vændum vegna búskiptanna. Stefndi fór síðan í bankann og fékk víxilinn hjá bankastjóra og tók við peningunum úr bankanum. Hann heldur því fram, að stefnandi hafi átt að standa bankanum skil vegna víxilsins og hafi hann þegar tekið sér greiðslu fyrir víxilinn af því fé, sem hann hafði í vörslu sinni fyrir hann. Stefndi hefur með bréfi, dags. 4. október 1972, farið fram á beiðni um opinbera rannsókn vegna víxilmáls þessa, og stendur sú rannsókn enn yfir. Stefndi hefur krafist þess í greinargerð, að málið yrði ekki dómtekið, fyrr en að lokinni þessari rannsókn.

Í þinghaldi þann 6. desember óskaði stefndi eftir fresti til frekari gagnaöflunar og skoraði á stefnanda málsins að koma fyrir dóm og ítrekaði kröfugerð í greinargerð um, að „svunta“ víxilsins væri lögð fram. Lögmaður stefnanda kvaðst þá neita öllum frekari fresti og frekari gagnaöflun með tilvísun til þess, að hér sé um víxilmál að ræða. Lögmaður stefnda taldi þá ekki ástæðu til þess að krefjast úrskurðar um frest, þar sem hann væri þess fullviss, hvernig slíkur úrskurður félli. Lögmenn lýstu síðan gagnaöflun lokið, og fór fram munnlegur flutningur málsins.

Hér er um víxilmál að ræða, og án samþykkis stefnanda verða ekki aðrar varnir hafðar uppi um efni máls en um getur í 208. gr. laga nr. 85/1936, a), b) og c) liðum. Víxill sá, sem fram er lagður, er í löglegu formi, og samkvæmt stimplum bankans á víxlinum, en stimpla þessa verður að taka í einu lagi, þá hefur stefnandi leyst til sín víxilinn og er þannig löglegur handhafi hans. Sú vörn stefnda, að víxillinn sé greiddur, kemst ekki að í víxilmáli, sbr. ofangreind ákvæði. Þar sem varnir stefnda komast ekki að í málinu, frestar kæra hans til sakadóms ekki meðferð málsins. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að frekari gögn upplýsi málið sem víxilmál.

Af öllu ofanrituðu leiðir, að taka ber kröfu stefnanda til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir stefndi eiga að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega metinn kr. 35.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Þórarinn Jónasson, greiði stefnanda, Pétri Axel Jónssyni, kr. 180.000 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. júlí 1972 til greiðsludags, kr. 180 í afsagnarkostnað og kr. 35.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1975.

Nr. 37/1973. Stjórn ríkisspítalanna
Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs

(Gylfi Thorlacius hdl.)

gegn

K og M sjálfum og vegna ólöggráða
sonar þeirra, S

(Hjörtur Torfason hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarlógeti.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. febrúar 1973. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu. Hann krefst hvorki málskostnaðar í héraði né fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál. Stefndu, sem höfðu gjafsókn í hér-